

Bráðsmitandi blindufaraldur

Sú var tíðin að bækur eftir erlenda höfunda voru þýddar eftir enskum eða dönskum þýðingum og jafnvel stytta og endursagðar (t.d. Anna Karenína eftir Leo Tolstoj). Sú afdalamennska hefur að mestu leyti lagst af á dögum alþjóðahyggju. Við höfum á að skipa fólki sem býr yfir góðri þekkingu á bæði erlendum málum og íslensku og mætti nefna í því sambandi þá Kafka-feðga, Eysteinn og Ástráð, og Ingibjörgu Haraldsdóttur sem færir okkur Dostojevskí á silfurfati. Sigrún Ástríður Eiríksdóttir hefur nú þýtt fyrstu bók nóbelsverðlaunaskáldsins José Saramago á íslensku beint úr portúgölsku og er það framtak mikill fengur áhugamönnum um heimsbókmenntir.

Bókin ber nafnið Blinda og segir frá undarlegum blindufaraldri sem fer um allt eins og eldur í sinu og afleiðingar hans á manneðlið. Í sögunni ber margt furðulegt fyrir augu... Hún gerist væntanlega í alræðisríki á síðustu áratugum en er einhvern veginn staðlaus og tímalaus. Persónurnar eru ekki nefndar með nöfnum heldur t.d. „læknisfrúin, stúlkan með sólgleraugun og rangeygði strákurinn“ enda segir á einum stað að blindingjar þurfi ekki að heita neitt (311). Orðatiltæki eins og t.d. „látum okkur sjá“ og orðaleikir ýmiskonar afhjúpa klisjulega merkingu sína í sögunni og fá nýja, blinda vídd. Sögumaðurinn er nákominn lesanda og ávarpar hann af og til, útskýrir ýmislegt og afsakar orðalag o.fl. og má velta fyrir sér hvort dularfulli rithöfundurinn sem verður á vegi blindingjanna hafi skrifað söguna eftir læknisfrúnni eins og gefið er í skyn. Bæði form og efni sögunnar er því nýstárlegt og ögrandi.

Í bókmenntum er persónum stundum stillt upp í afmörkuðu rými og látið reyna á þolrif þeirra og þolinmæði gagnvart öðrum. Við innlokun og aðsteðjandi ógn brýst grimmd mannsins og dýrseðli upp á yfirborðið. Saramago notar þessa aðferð en stór hluti sögunnar gerist á yfirgefnu geðveikrahæli. Blindingjarnir feta stíg niðurlægingarinnar uns auðmýkingin er alger, frumskógarlög málið tekur völdin og ofbeldi, nauðganir, rán og gripdeildir verða daglegt brauð. Yfirgefnir og óttaslegnir, skítugir og svangir fálma hinir blindu sig áfram og hver og einn reynir að bjarga eigin skinni. Í ríki blindra er sá eineygði konungur, segir í frægri sögu. Læknisfrúin er reyndar enginn konungur en heldur sífellt í vonina, reynir að koma skipulagi á óreiðuna og þótt hún grípi til örþrifaráða heldur hún sjálfsvirðingu sinni meðan blindingjarnir sökkva æ dýpra í eymdina. Sagan er átakanleg enda um að ræða mergjaða heimsádeilu og svo myrka framtíðarsýn að jaðrar við heimsendaspa.

Í Blindu er spurt stórra og sígildra spurninga sem erfitt er að svara. Hvað er siðblinda, skilningsblinda, tilfinningablinda? Á að fórna einstaklingi fyrir hagsmuni heildarinnar? Getur mannkynið lifað án sjónar? Á ég að gæta bróður míns? Sannarlega frábær saga, skyldi hún ekki fljótlega koma út sem hljóðbók?

José Saramago
Blinda
Sigrún Á. Eiríksdóttir þýddi
Vaka Helgafell 2000

Bókmenntir
Steinnunn Inga Óttarsdóttir